10. september 2026

Tillaga Miðflokksins í Kópavogi

Greining á framkvæmd skóla án aðgreiningar.

Miðflokkurinn í Kópavogi leggur til að menntasviði Kópavogsbæjar verði falið að leggja fyrir menntaráð tillögu að úttekt og greiningu á framkvæmd skóla án aðgreiningar í grunnskólum Kópavogs.

Í greiningunni verði meðal annars lagt mat á áhrif fyrirkomulagsins á námsárangur, námsumhverfi, stuðningsþörf nemenda og starfsaðstæður í skólum.

Jafnframt verði metið hvort núverandi fyrirkomulag þjóni hagsmunum nemenda með fullnægjandi hætti og hvort ástæða sé til að breyta því verulega eða leggja það niður og taka upp annað fyrirkomulag.

Menntasvið leggi fyrir menntaráð tillögu að umfangi, aðferðafræði og tímaramma greiningarinnar.

Nína Berglind Sigurgeirsdóttir
áheyrnarfulltrúi Miðflokksins í menntaráði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026